

AÐALFUNDUR 2026

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Staða svæðisins · rekstur og fjárhagur · verkefni ársins
og Atvinnurammi Suðurnesja 2026–2030



REYKJANESBÆR · SUÐURNESJABÆR · GRINDAVÍK · VOGAR

Um hvað verður fjallað

1

Hlutverk og skipulag SSS

Hvað gerir sambandið og fyrir hverja

2

Staða Suðurnesja

Íbúapróun, sérstaða og misræmi í opinberum framlögum

3

Tekjur og rekstur 2025

Hvaðan koma tekjurnar og í hvað fara þær

4

Verkefni ársins

Sóknaráætlun, Uppbyggingarsjóður, Grindavík, áfangastaðurinn og jarðvangurinn

5

Atvinnurammi Suðurnesja 2026–2030

Framtíðarsýn, stefnuásar og mælanleg markmið

6

Lokaorð

Stutt samantekt

1

GRUNNURINN

Hlutverk og skipulag SSS

- Í eigu fjögurra sveitarfélaga — sameiginlegur vettvangur svæðisins
- Bæði rekstrareining og farvegur fjármagns inn á svæðið

Hvað er SSS?

SSS er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna fjögurra á Suðurnesjum og annast sameiginleg verkefni fyrir þeirra hönd.



Sameiginlegir hagsmunir

Talar einni rödd fyrir hönd svæðisins gagnvart ríki, ráðuneytum og stofnunum.



Atvinnu- og byggðapróun

Veitir atvinnuráðgjöf, fræðslu og stuðning við frumkvöðla og fyrirtæki á svæðinu.



Sóknaráætlun og sjóðir

Fer með framkvæmd Sóknaráætlunar Suðurnesja og umsýslu Uppbyggingarsjóðs.



Áfangastaður og jarðvangur

Markaðsstofa Reykjaness og Reykjanes UNESCO Global Geopark starfa undir sambandinu.



Farsæld barna

Hýsir Farsældarráð Suðurnesja og verkefnastjórn samþættrar þjónustu við börn.



Svæðisbundið skipulag

Heldur utan um Svæðisskipulag Suðurnesja og samræmingu milli sveitarfélaga.

Um 30.000 íbúar • 4 sveitarfélög • 8,7 stöðugildi • Skógarbraut 945, Reykjanesbæ

Samstarfsvettvangurinn í heild

Flest verkefni eru rekin á kennitölu SSS. Reykjanes Geopark og Hviða fjárfestingarfélag eru sjálfstæðar einingar.

SSS

Stjórn · aðalfundur · skrifstofa

Atvinnu- og byggðapróun

Atvinnuráðgjöf, nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla

Markaðsstofa Reykjaness

Áfangastaðastofa landshlutans

Farsældarráð Suðurnesja

Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna

Svæðisskipulag Suðurnesja

Sameiginlegt skipulag til ársins 2040

Reykjanes Geopark

UNESCO Global Geopark — sjálfstæð eining með eigin stjórn

Hviða fjárfestingarfélag

Áður Eignarhaldsfélag Suðurnesja — sjálfstæð eining

Á kennitölu SSS · Sjálfstæðar einingar (ljósblátt)

2

STÖÐUMYND

Staða Suðurnesja

- Yngsta og alþjóðlegasta svæði landsins
- Lægstu framlög á íbúa til atvinnu- og byggðapróunar

Eitt hraðast vaxandi svæði landsins

Árið 2025 sýnir hægfara viðsnúning til vaxtar eftir samdrátt 2024 — Suðurnes eru áfram eitt hraðast vaxandi svæði landsins.

29.648

íbúar

í desember 2025

+46%

fjölgun

frá 2011 til 2025

um 30%

erlent ríkisfang


hæsta hlutfall á landinu

7,5%

af þjóðinni

búa á Suðurnesjum

Íbúafjöldi á Suðurnesjum 2011–2025




Hvað mótar þróunina?

- Náttúruhamfarir í Grindavík og tilfærsla íbúa innan svæðisins
- Mikil aðsókn erlendra ríkisborgara á vinnualdri
- Langtímavöxtur verulega umfram landsmeðaltal

Ungt og alþjóðlegt samfélag

Aldurssamsetningin er styrkur fyrir vinnumarkað og þjónustu — en kallar á fjárfestingu í skóla- og leikskólaþjónustu.

**33,5 ár**

meðalaldur erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum

30–39 ára

stærsti aldurshópurinn, rúmlega 2.459 einstaklingar

21–22%


hlutfall barna 0–17 ára — svipað og landsmeðaltal

15,7% → 18,8%

spáð hlutfall 60 ára og eldri til ársins 2040

Misræmi í stuðningi til landshluta

Suðurnes fá lægstu framlög á íbúa til atvinnu- og byggðapróunar þrátt fyrir hraðasta vöxtinn og sértækar áskoranir.



Sama mynd í öðrum sjóðum

3,5%

hlutur Suðurnesja í Framkvæmdasjóði ferðamála 2020–2025 (151 af 3.873 m.kr.)

2,0%

af úthlutun vegna náttúruverndar og öryggis (18 af 979 m.kr.)

2,1%

af styrkveitingum Lóunnar 2023–2025 — en 7,6% íbúa landsins

ÁLYKTUN AÐALFUNDAR

Skorað er á ríkisvaldið að tryggja Suðurnesjum sambærilegt fjárframlag og öðrum landshlutum til að mæta hraðri fólksfjölgun og sértækum áskorunum svæðisins. Fjöldi stöðugilda ríkisins er jafnframt lægstur á Suðurnesjum.

3

ÁRSREIKNINGUR 2025

Tekjur og rekstur SSS

- Hvaðan koma tekjurnar — og í hvað fara þær?
- Stór hluti fjármagnsins rennur beint áfram til verkefna á svæðinu

Rekstur SSS í hnotskurn

402,1 m.kr.

Heildartekjur

Allar tekjur sambandsins 2025

408,3 m.kr.

Rekstrargjöld

Laun, styrkir og annar kostnaður

0,98 m.kr.

Hagnaður ársins

Eftir fjármagnsliði

27,5 m.kr.

Eigið fé í árslok


Eiginfjárhlutfall 5,9%

Sambandið er bæði rekstrareining og farvegur fjármagns

SSS er í eigu sveitarfélaganna fjögurra á Suðurnesjum og annast sameiginleg verkefni fyrir þeirra hönd. Stór hluti tekna er verkefnafé sem er bundið ákveðnum verkefnum og fer áfram til samstarfsaðila og styrkþega á svæðinu. Því segir heildarveltan ein og sér lítið um umfang eiginlegs reksturs sambandsins.

Rekstur fyrir fjármagnsliði er neikvæður um 6,2 m.kr.; fjármagnsliðir skila 0,98 m.kr. hagnaði ársins.

Hvaðan koma tekjurnar?



402,1 m.kr. samtals

● Verkefna- og ríkisframlög

270.384.155 kr. · 67,2%

Sóknaráætlun, Byggðastofnun, ríkissjóður o.fl. — bundið ákveðnum verkefnum

● Framlag úr jöfnunarsjóði

58.446.457 kr. · 14,5%

● Framlög sveitarfélaga

73.299.244 kr. · 18,2%

Rekstur SSS og atvinnu- og byggðapróun 59,9 m.kr. · nefndalaun og heilsugæslustöð 13,4 m.kr.

Styrkir til verkefna og samstarfsaðila

Stærsti einstaki gjaldaliðurinn — 155,4 m.kr. — eru styrkir sem renna áfram til verkefna og samstarfsaðila á Suðurnesjum.

121.743.200 kr.

Sóknaráætlun Suðurnesja

Áhersluverkefni og Uppbyggingarsjóður

16.500.000 kr.

Markaðsstofa Reykjaness

Áfangastaðastofa landshlutans

10.134.004 kr.

Aðrir styrkir

Ýmis samstarfs- og samfélagsverkefni

4.000.000 kr.

Náttúrustofa Suðvesturlands

Rannsóknir og vöktun

1.500.000 kr. x 2 ár

Frú Ragnheiður á Suðurnesjum

Skaðaminnkandi þjónusta

SAMTALS STYRKIR

155.377.204 kr.

38,1% af rekstrargjöldum ársins

4

STARFSEMI

Verkefni ársins 2025

- Sóknaráætlun, Uppbyggingarsjóður og áhersluverkefni
- Grindavík, áfangastaðurinn, jarðvangurinn og farsæld barna

Verkfæri svæðisins til uppbyggingar

Sóknaráætlanasamningar við átta landshlutasamtök voru undirritaðir 28. janúar 2025 og gilda til fimm ára.

103,3 m.kr. framlag til Sóknaráætlunar Suðurnesja 2025	11,9% hlutdeild Suðurnesja af 865,7 m.kr. heildarframlagi	9 áhersluverkefni samþykkt fyrir tímabilið
--	--	--


Áhersluverkefni Sóknaráætlunar 2025

Ferðaþjónusta og náttúruvá 10,5 m.kr.	Fræðsla í Reykjanes Geopark 18 m.kr.	Ímynd Reykjanes 30 m.kr.
Myrkurferðaþjónusta 10 m.kr.	Nærandi ferðaþjónusta 13 m.kr.	Nærandi samstarf 6 m.kr.
Skemmtiferðaskip á Reykjanesi 7,5 m.kr.	Greining atvinnusóknar 3 m.kr.	Mælaborð – íbúapróun 5 m.kr.

Heildarkostnaður hvers verkefnis yfir samningstímann. Öll verkefni eru samþykkt af stjórn SSS og staðfest af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál.

Samkeppnissjóður svæðisins

Styrkir til menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Umsóknir eru metnar út frá markmiðum og áherslum Sóknaráætlunar Suðurnesja.



Úthlutun 2025

50 m.kr. til 45 verkefna

67 umsóknir · aukning um 7 verkefni frá 2024

Úthlutun 2026

53 m.kr. til 43 verkefna

64 umsóknir · úthlutunarhátíð í Stapa 21. nóvember

Skipting úthlutunar 2026 milli flokka

Menningar- og samfélagsverkefni	26,95 m.kr.	Atvinnu- og nýsköpunarverkefni	22,25 m.kr.	Stofn- og rekstrarstyrkir í menningu	3,80 m.kr.
---------------------------------	-------------	--------------------------------	-------------	--------------------------------------	------------

Stuðningur við atvinnulíf og samfélag

Eldsumbrot á Reykjanesi héldu áfram að valda óvissu sem reyndi á íbúa, viðbragðsaðila og stoðkerfið allt.

432 klst.

stuðningur og ráðgjöf
verkefnastjóra SSS vegna
Grindavíkur

48,5 m.kr.

styrkir til 14 fyrirtækja úr
viðbótarframlagi í
Uppbyggingarsjóð

130,4 m.kr.

styrkir til 33 fyrirtækja úr
Sóknarsjóði Byggðastofnunar

21 fyrirtæki

tóku þátt í upphafsfundi
verkefnisins Grindavík – Saman í
sókn

Grindavík – Saman í sókn

Verkefnið hófst formlega 12. nóvember með staðarfundi í Gjánni þar sem stjórnendur og lykilstarfsmenn komu saman um endurreisn og framtíðarmótun atvinnulífs bæjarins. Unnið í samstarfi við Markaðsstofu Reykjanes, atvinnu- og byggðapróunarsvið og Grindavíkurbæ, með Íslenska ferðaklasann í framkvæmd. Fjármagnað úr Byggðaáætlun 2022–2036.

Áhrif á fasteignamarkað Suðurnesja

Mikil eftirspurn á íbúðamarkaði í nágrannasveitarfélögum Grindavíkur hefur valdið því að fasteignamat á Suðurnesjum hækkaði umfram landsmeðaltal. Fasteignamati í Grindavíkurbæ er haldið óbreyttu milli ára þar sem óvissuástand ríkir og engin markaðsvirkni hefur átt sér stað.

Atvinnuþróun og nýsköpun

Sviðið starfar samkvæmt samningi við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaðróun og er leiðandi afl í uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum.

4,5

stöðugildi sinna atvinnuráðgjöf

1.324

klst. ráðgjöf og stuðningur á árinu

93%

beinna vinnustunda í atvinnu- og byggðaðróun

>50

kynningar og auglýsingar á þjónustunni

Atvinnuráðgjöf

Hver aðili fær 10 klst. ráðgjöf án þóknunar — markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun og endurskipulagning.

Startup Landið

Nýr viðskiptahraðall á landsvísu. Tólf nýsköpunarteymi tóku þátt, þar af tvö af Suðurnesjum. Ópið fyrir umsóknir 2026.

Eldey frumkvöðlasetur

Opnaði á ný í nýju skrifstofuhóteli á Keilisbraut 773 á Ásbrú.

FabLab Suðurnes

Um 1.850 notendur á árinu — vöxtur og breiðari þátttaka ólíkra hópa samfélagsins.

Fræðsla og vinnustofur

Sjö fyrirlestrar og námskeið fyrir frumkvöðla, m.a. um styrkumsóknir, gervigreind og rekstrarform.

Hviða fjárfestingarfélag

Eignarhaldsfélag Suðurnesja endurskipulagt og markaðssett undir nýju heiti til að ná betur til frumkvöðla.

Áfangastaðurinn Reykjanes

Árið 2025 markaði tímamót þar sem aukin áhersla var lögð á stefnumótun, samhæfingu og þróun sjálfbærrar og nærandi ferðapjónustu.

Um 500 þús.

notendur heimsóttu visitreykjaness.is á árinu

3 skip

komu til hafnar — 200% aukning frá fyrra ári

14 fyrirtæki

af Reykjanesi tóku þátt í Mannamóti

Almyrkvi á sólu 12. ágúst 2026

Reykjanes er eitt besta svæði landsins til að upplifa almyrkvann. Svæðisbundinn stýrihópur með þátttöku sveitarfélaga, viðbragðsaðila og ferðapjónustu hefur samræmt undirbúning vegna umferðar, öryggis, upplýsingamiðlunar og áningarstaða.

Verkefnið snýr ekki eingöngu að atburðinum sjálfum heldur langtímauppbyggingu myrkurferðapjónustu — stjórnuskoðun, norðurljós og náttúruupplifun utan háannatíma.

Nærandi ferðapjónusta

Uppfærsla áfangastaðaáætlunar, ný markhópagreining og undirbúningur markaðsráðs og sjálfbærniráðs Reykjaness.

Öryggi og upplýsingagjöf

Samstarf við Safetravel, Almannavarnir, lögreglu og Ferðamálastofu um upplýsingamiðlun vegna eldgosa og lokana.

Markaðssetning erlendis

Þátttaka í Vestnorden, World Travel Market, vinnustofum í Bandaríkjunum og AECO-ráðstefnu.

Jarðvangurinn og alþjóðlegt samstarf

Jarðvangurinn er samfélagssáttmáli um verndun jarðminja og sjálfbæra nýtingu auðlinda svæðisins.

INTERREG NPA

REGENERATE

Markaðsstofa Reykjaness leiðir þriggja ára verkefni um nærandi ferðapjónustu á norðurslóðum með samstarfsaðilum frá Íslandi, Finnlandi, Svíþjóð og Írlandi.

1.194.380 evrur • 2025–2028

ERASMUS+

YouthTrails

Reykjanes Geopark leiðir evrópskt verkefni um nærandi og sjálfbæra ferðapjónustu með virkri þátttöku ungs fólks.

Tveggja ára verkefni

NORDPLUS

Empowering Educators

Norrænt samstarf jarðvanga og fræðsluaðila um útinám og staðbundna kennslufræði. Lokaráðstefna á Íslandi 2027.

Reykjanes er umsjónaraðili

GEOCAMP ICELAND

Fræðslustarf

18 skólar hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um UNESCO-skólaverkefnið. Kvíkuvika, Gárur á Reykjanesi og Erasmus+ KA1 kennaraferðir.

Viðaukasamningur út 2026

Farsæld barna og svæðisskipulag

Farsældarráð Suðurnesja

Hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, formlega stofnað 23. júní 2025 með undirritun samstarfsyfirlýsingar. Starfar skv. 5. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

25

fulltrúar þjónustuveitenda sitja í ráðinu

43 m.kr.

styrkur til tilraunaverkefnisins Ávísun á farsæld

4 ára

aðgerðaáætlun í mótun — drög tilbúin haustið 2026

Farsældarþing Suðurnesja fór fram á vormánuðum 2026. Málþingið Staða barna á Suðurnesjum var haldið í Hljómahöll 20. nóvember 2025.

Svæðisskipulag Suðurnesja

Sameiginlegt skipulag til ársins 2040. Nefndin fundaði fimm sinnum á árinu 2025 og setti á laggirnar vinnuhóp um varavatnsból.

Íbúapróun

Framboð, tegund húsnæðis og tímabundnar lausnir

Atvinna

Framfylgd stefnu um sameiginleg atvinnusvæði

Auðlindir

Varavatnsból, vatnsvernd og önnur orkuvinnsla

Veitur og samgöngur

Vistvænar samgöngur og meginlega innviða

Samfélag

Greiningar á náttúru- og veðurvá, öryggi íbúa

Loftslagsmál

Loftslagsstefna, kolefnisbinding og samgöngur

5

FRAMUNDAN

Atvinnurammi Suðurnesja 2026–2030

- Sameiginlegur samræmingar- og samstarfsrammi sveitarfélaganna
- Ekki yfirskipuð stefna — heldur sameiginleg sýn þar sem hagsmunir fara saman

Af hverju sameiginlegur atvinnurammi?

Ramminn kemur ekki í stað atvinnustefna einstakra sveitarfélaga — hann tengir þær saman þar sem samlegðaráhrif geta orðið mest.

1

Sameiginleg framtíðarsýn

Móta sameiginlega sýn sveitarfélaga Suðurnesja í atvinnumálum.

2

Samræmd ákvarðanataka

Samræma forgangsröðun í atvinnu-, mennta- og innviðamálum.

3

Sterkari staða

Styrkja stöðu svæðisins gagnvart ríkinu, fjárfestum og alþjóðlegum samstarfsaðilum.

4

Ávinningur heim í hérað

Tryggja að verðmætasköpun skili sér í lífsgæðum, sterkari samfélögum og sjálfbærum hagvexti.

Fjórar stefnumótandi áskoranir

Mannauður fylgir ekki verðmætasköpun

Menntunarstig lægra en landsmeðaltal þrátt fyrir ungt samfélag.

Einhæft og viðkvæmt atvinnulíf

Fá stoðir sem eru næmar fyrir ytri áföllum og sveiflum.

K64 ekki skilgreint sem umbreytingarafl

Uppbygging verkefnamiðuð fremur en stefnumótandi.

Sundurleit stjórnsýsla

Skortur á sameiginlegri kröfugerð gagnvart ríkinu.

Suðurnes 2030

„Suðurnes verði leiðandi atvinnu- og þekkingarsvæði Íslands, þar sem sjálfbær verðmætasköpun, græn orka, menntun og nýsköpun mynda samþætt kerfi.“

Fimm meginmarkmið 2026–2030

- | | | |
|---|--|---|
| 1 | Mannauður verði burðarás uppbyggingar | Menntun, símenntun og hæfnipróun skilgreind sem lykilinnviðir atvinnulífsins. |
| 2 | Fjölbreytni og gæði starfa aukist | Aukið vægi þekkingar-, nýsköpunar- og rannsóknartengdra starfa. |
| 3 | KADECO og K64 verði umbreytingarvettvangur | Uppbygging á K64 samþætt atvinnustefnu, menntakerfi og skipulagi. |
| 4 | Sjálfbær þróun og ábyrg auðlindanýting | Græn orka, hringrásarhagkerfi og ábyrg land- og auðlindanýting. |
| 5 | Samvinna sveitarfélaga styrkt | Suðurnes starfi sem eitt atvinnusóknarsvæði með sameiginlega rödd. |

Fjórir ásar — frá stefnu til aðgerða

Hver stefnuás svarar ákveðinni áskorun og tengir saman atvinnuuppbyggingu, menntun, innviði og stjórnsýslu.

STEFNUÁS 1

Mannauður og menntun sem efnahagslegur innviður

- Leiðrétting fjármögnunar framhaldsskóla
- Samþætting menntunar og atvinnuþarfa
- Efld íslenskukennsla og stuðningur við fjölmenningu

STEFNUÁS 2

Fjölbreytt og sjálfbær atvinnuuppbygging

- Uppbygging nýrra atvinnustoða í grænni tækni og þekkingariðnaði
- Sjálfbær ferðaþjónusta með auknum virðisauka
- Stuðningur við sprota og nýsköpunarverkefni

STEFNUÁS 3

KADECO og K64 sem lykilkjarni

- K64 skilgreint sem þekkingar- og nýsköpunarsvæði
- Tenging við háskóla, rannsóknir og atvinnulíf
- Grænir iðngarðar og ábyrg orkunýting

STEFNUÁS 4

Samvinna, stjórnsýsla og sameiginleg framtíðarsýn

- Sameiginleg stjórnsýsla atvinnumála
- Sameiginleg kröfugerð gagnvart ríkinu
- Sameiginlegt mælaborð og árleg framvinduskýrsla

Hvað á að hafa breyst árið 2030?

Þar sem tölulegar upplýsingar liggja fyrir er staðan tilgreind; annars er stuðst við samanburð við landsmeðaltal. Nánari mælikvarðar eru í viðauka B við atvinnurammann.

Stefnuás	Mælikvarði	Staða 2025	Markmið 2030
Mannauður og menntun	Hlutfall 25–64 ára með framhalds-/háskólamenntun	Lægst á landinu	+5–8 prósentustig
	Brottfall úr framhaldsskóla	Yfir meðaltali	–20–30%
	Framlag á hvern nemanda í framhaldsskóla	2.361 þ.kr. (–13,8%)	Jafnað við meðaltal
Fjölbreytt atvinnulíf	Hlutfall starfa í þekkingar- og nýsköpunargreinum	Lágt	+20–30%
	Meðallaun á Suðurnesjum	Við landsmeðaltal	+5–10% umfram verðlag
Staðbundin verðmætasköpun	Hlutfall íbúa í vinnusókn utan svæðis	17% (gögn frá 2018)	–10–15%
	Fjöldi starfa innan Suðurnesja	Viðmið 2025	+1.000–2.000 störf
KADECO / K64	Fjöldi fyrirtækja á K64-svæðinu	Upphafsstig	50–100 fyrirtæki
	Fjöldi starfa á K64-svæðinu	Upphafsstig	1.500–3.000 störf

Ábyrgð, mælaborð og árleg framvinda

Ramminn verður virkt stjórnæki en ekki stefnumörkun á blaði — með skýrri ábyrgð og reglubundinni eftirfylgni.

SSS

Ber heildarábyrgð á eftirfylgni. Samræmir framkvæmd, fylgir eftir markmiðum og talar einni rödd við ríki og lykilaðila.

Sveitarfélögin

Innleiða rammann í eigin skipulagi, fjárhagsáætlunum og starfsemi og taka virkan þátt í sameiginlegri eftirfylgni.

KADECO

Gegnir lykilhlutverki í framkvæmd aðgerða sem tengjast K64, nýsköpun og uppbyggingu á þróunarsvæðum.

Verklag eftirfylgni

1

Árleg framvinduskýrsla

Staða lykilaðgerða metin og borin saman við sett markmið. Lögð fyrir sveitarstjórnir og stjórn SSS.

2

Sameiginlegt mælaborð

Sjónræn birting lykilvísa um atvinnu- og samfélagsþróun, uppfært að lágmarki árlega.

3

Stöðumat 2028

Ítarlegt stöðumat á miðju tímabili og uppfærsla aðgerðaáætlunar eftir þörfum.

4

Samræming við aðrar áætlanir

Sóknaráætlun, Svæðisskipulag 2040, þróunaráætlun KADECO og atvinnustefnu Reykjanesbæjar.

SAMANTEKT

Suðurnes eiga tækifærin — nú þarf samræmda framkvæmd



Sterk staða — kerfislægt misræmi

Yngsta og alþjóðlegasta svæði landsins fær lægstu framlög á íbúa til atvinnu- og byggðapróunar.



Rekstur í jafnvægi

402,1 m.kr. tekjur, 0,98 m.kr. hagnaður og 27,5 m.kr. eigið fé — traustur grunnur fyrir áframhaldandi starf.



Fjármagnið skilar sér heim

Styrkir og laun eru um 73% gjalda; 155,4 m.kr. runnu beint til verkefna og samstarfsaðila á svæðinu.



Sameiginleg rödd skiptir máli

Atvinnuramminn 2026–2030 gerir Suðurnes að einu samræmdu atvinnusvæði með skýra forgangsröðun.